

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Stóra-Hof 1, L166601, breyting lóða og stærðir.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóða við Hrútalág og Hofskots 10 innan frístundasvæðisins byggðin í landi Stóra-Hofs. Í breytingunni felst breytt lega lóða við Hrútalág eftir uppmælingu á staðnum auk stækkunar á lóð og byggingarreit lóðar Hofskots 10.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2024.

*Deiliskipulag, Þjóðveldisbær, L178332, afmörkun lóða og byggingarreitur þjónustuhúss.*

Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til áningarstaðar fyrir ferðafólk við Þjóðveldisbæinn í Þjósárdal. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Innan skipulagsins eru afmarkaðar tvær lóðir og byggingarreitur fyrir þjónustuhús. Skipulagssvæðið er um 6,7 hektarar að stærð og er innan þess gert ráð fyrir nýrri aðkomu.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 9. september 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 23. september 2024